



Rannveig Magnúsdóttir
Breiðvangi 28
220 Hafnarfirði

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduncyti.is

Reykjavík 29. júní 2018
Tilv.: UMH18050002/0218-06

Hér með eruð þér skipaðar í samráðsvettvang um aðgerðaáætlun í plastmálefnum sem hefur það hlutverk að koma með tillögur um hvernig dregið verði úr notkun plasts, hvernig bæta megi endurvinnslu þess og takast á við plastmengun í hafi. Samráðsvettvangurinn skal m.a. hafa hliðsjón af stjórnaðarsáttmála ríkisstjórnarinnar, stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra um úrgangsforvarnir, *Saman gegn sóun* og áætlun umhverfisráðherra Norðurlandanna frá því í maí 2017 um að draga úr umhverfisáhrifum plasts.

Samráðsvettvangurinn skal taka til skoðunar hvaða rannsóknir og vöktun varðandi plast þurfi að ráðast í, koma með tillögur um þær stjórnavaldaðgerðir sem æskilegt væri að koma í framkvæmd og hvernig best sé að stuðla að nýsköpun í vörum sem koma í stað plastnotkunar. Samráðsvettvangurinn skal taka mið af þeim tillögum sem þegar hafa komið fram á þessu sviði og skal jafnframt forgangsraða þeim tillögum sem settar verða fram í aðgerðaáætluninni.

Samráðsvettvangurinn er þannig skipaður:

Laufey Helga Guðmundsdóttir, formaður, umhverfis- og auðlindaráðuneyti,
Guðlaugur G. Sverrisson, tilnefndur af Úrvinnslusjóði,
Lúðvík E. Gústafsson, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga
Lárus M. K. Ólafsson, tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins
Elva Rakel Jónsdóttir, tilnefnd af Umhverfisstofnun,
Hrönn Jörundsdóttir, tilnefnd af Matís ohf.,
Þórey S. Þórisdóttir, tilnefnd af Neytendasamtökunum,
Páll Árnason, tilnefndur af Nýsköpunarmiðstöð Íslands,
Benedikt S. Benediktsson, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðuneyti,
Rannveig Magnúsdóttir, tilnefnd af umhverfisverndarsamtökum,
Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, tilnefnd sameiginlega af þingflokkum stjórnarflokkka,
Guðmundur Andri Thorsson, tilnefndur sameiginlega af þingflokkum stjórnarandstöðuflokkka.

Samráðsvettvangur um aðgerðaáætlun í plastmálefnum skal skila tillögum sínum til umhverfis- og auðlindaráðherra fyrir 1. nóvember 2018.

Tilnefningaraðilar bera sjálfir kostnað vegna setu fulltrúa sinna í samráðsvettvanginum.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson



Sigríður Auður Arnardóttir

Ljósrit: Hólmfríður Arnardóttir Fuglavernd, tengiliður frjálsra félagasamtaka á sviði umhverfisverdar